

Bleika boðið 2021

Föstudaginn 29. október á Hótel Selfossi

Hús opnað kl. 19:30 - Dagskrá hefst kl. 20:30

Okkar stærsta hátíð og fjáröflunar viðburður verður haldinn föstudagskvöldið 29. október næstkomandi á Hótel Selfossi.

Húsið verður opnað kl. 19:30 og hefst dagskrá kl. 20:30, góð tilboð á drykkjum og léttar veitingar í boði Hótel Selfoss.

Veislustjóri kvöldsins verður hin stórskemmtilega Anna Margrét ofur-hjúkrunarfræðingur og matgæðingur sem líklega er þó þekktust fyrir að sjá spaugilegu hliðina á lífinu.

Happdrættið okkar er nú stærra og magnaðra en nokkru sinni fyrr, vinningarnir eru hver öðrum glæsilegri. Hver miði kostar einungis 2.500 kr. og er til svo gríðarlega margs að vinna. Það verður sko enginn svikinn af sínum vinning!

Skemmtilegustu tónlistarmennirnir á Suðurlandi, þeir félagar Leifur Viðars og Magnús Kjartan, munu sjá um að halda fjörinu gangandi frá klukkan 22:00 til 24:00.

Hótel Selfoss og Hótel South Coast bjóða Bleika boðs gestum uppá tilboð á gistingu með morgunverði. Taka þarf fram við þöntun að um gesti Bleika boðsins sé að ræða.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða, er mögulegt að panta borð fyrirfram með því að senda messenger skilaboð á Krabbameinsfélag Árnassýslu á Facebook!

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Krabbameinsfélag Árnassýslu



Krabbameinsfélag
Árnassýslu



**BLEIKA
SLAUFAN**